

Selfossi, 11.02.2015

FUNDARGERÐ FRAMKVÆMDA- OG VEITUSTJÓRNAR ÁRBORGAR

10. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2014-2018, haldinn miðvikudaginn 11. febrúar 2015 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 08:10.

Mætt:

Gunnar Egilsson, formaður, D-lista,
Ragnheiður Guðmundsdóttir, nefndarmaður, D-lista,
Ingvi Rafn Sigurðsson, nefndarmaður, D-lista,
Helgi Sigurður Haraldsson, nefndarmaður, B-listi,
Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri,
Eggert Valur Guðmundsson, varamaður, S-lista.

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál

1. 1501471 - Aðstaða fyrir veitulagnir um nýja brú yfir Ölfusá

Framkvæmda- og veitustjóri kynnti óskir Svf. Árborgar um lagnaleiðir veitufyrirtækja sveitarfélagsins um nýja brú yfir Ölfusá.

2. 1502063 - Skýrsla náttúruverndarnefndar 2014

Lögð fram svör nefndarinnar til Umhverfisstofnunar.

Skýrsla náttúruverndarnefnda

Náttúruverndarnefndir hafa lögbundnum hlutverkum að gegna samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 44/1999. Samkvæmt lögum skulu nefndir veita Umhverfisstofnun yfirlit yfir störf sín með skýrslu í lok hvers árs. Hér að neðan má sjá ítarupplýsingar um þau gögn sem þurfa að liggja fyrir í árslok.

1. **Ástand og framkvæmdir á friðlýstum svæðum:** Upplýsingar um hvaða svæði eru friðlýst í sveitarfélaginu, hvort að farið hafi verið í úrbætur, t.d. í öryggismálum eða framkvæmdir á viðkomandi svæðum og tiltaka hverjar þær eru.
2. **Ástand efnistökusvæða:** Upplýsingar um fjölda náma og stöðu þeirra gagnvart skipulagi. Upplýsingar um hvar efnisnámi telst vera lokið. Staða minni háttar efnistöku sbr. 47. gr. náttúruverndarlaga. [Nánar hér \(smelltu\)](#)
3. **Ólöglegar auglýsingar utan þéttbýlis:** Upplýsingar um þær auglýsingar utan þéttbýlis sem kunna að brjóta í bága við 43. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. [Nánar hér \(Smelltu\)](#)
4. **Ólöglegur akstur utan vega og umgengni í óbyggðum:** Upplýsingar um umfang ólöglegs aksturs utan vega í sveitarfélaginu og tillögur um úrbætur. Upplýsingar þar sem umgengni í óbyggðum er ábótavant). [Nánar hér \(Smelltu\)](#)
5. **Almannaréttur og útivist í sveitarfélaginu:** Upplýsingar um stöðu almannaréttar í sveitarfélaginu og hvort að möguleikar til útivistar hafi verið auknir. [Nánar Hér \(Smelltu\)](#)
6. **Fræðsla á náttúruverndarsvæðum:** Upplýsingar um hvort og hvaða upplýsingar eru veittar um og á náttúruverndarsvæðum í sveitarfélaginu.
7. **Staða svæða á náttúruinjasrá:** Upplýsingar um framkvæmdir á svæðum á náttúruinjasrá og ástand verndargildis svæða á náttúruinjasrá. [Nánar hér \(smelltu\)](#)
8. **Svæði sem njóta sérstakrar verndar:** Upplýsingar um umfang skerðingar á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. [Nánar hér \(smelltu\)](#)
9. **Rannsóknir og vöktun:** Upplýsingar um rannsóknir á vöktun á friðlýstum svæðum.
10. **Tillögur um friðlýsingar í sveitarfélaginu:** Upplýsingar um þau svæði sem nefndin leggur til að verði friðlýst, hvort heldur sem hluti af náttúruverndaráætlun eða að frumkvæði sveitarfélags.
11. **Framandi ágengar tegundir:** Upplýsingar um þær aðgerðir sem sveitarfélagið hefur gripið til til að sporna við útbreiðslu framandi ágengra tegunda, sér í lagi á friðlýstum svæðum, svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga og fyrir ofan 400 m.y.s. [Nánar hér \(smelltu\)](#)
12. **Önnur mál;** sem nefndin vill koma á framfæri.

Heiti nefndar: *	Framkvæmda-og veitustjórn
Sveitarfélag: *	Sveitarfélagið Árborg
Starfsár: *	2014

1. Ekkert friðlýst svæði er í sveitarfélaginu en unnið er að friðlýsingu fuglafriðlands á Eyrarbakka sem skilgreint er sem hverfisverndarsvæði í aðalskipulagi Árborgar 2010-2030. Sveitarfélagið hefur samið við Fuglavernd um umsjón og framkvæmdir innan svæðisins.
2. Eitt efnistökusvæði er í sveitarfélaginu og er það sandnáma á Eyrarbakka. Sandtakan er sjálfbær þar sem sandnáman er staðsett á mörkum flóðs og fjöru. Sveitarfélagið Árborg er eigandi námunnar en hefur samið við verktaka um rekstur hennar.
3. Meðfram Eyrarbyggavegi (vegur 34) eru nokkur skilti sem kunna að brjóta í bága við 43gr. laga nr. 44/1999.
4. Borið hefur á ólöglegum akstri í sandgræðslu við Eyrarbyggafjöru, vestan Eyrarbakka. Ræddar hafa verið hugmyndir um bættar merkingar á svæðinu.
5. Staða almannaréttar og möguleikar til útivistar eru mjög góðir í sveitarfélaginu sbr. kafla 4.8. í greinagerð með aðalskipulagi Árborgar 2010-2030. Stöðugt er unnið að úrbótum. Í því sambandi má nefna gerð göngu-og hjólastígs milli Eyrarbakka og Stokkseyrar sem nú er í framkvæmdaferli

6. Sett hafa verið upp upplýsingaskilti á náttúruverndarsvæðum eins og við fjöruna á Stokkseyri. Á skiltunum eru veittar upplýsingar um svæðið og sögu þess.
7. Engar framkvæmdir hafa verið á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá svo vitað sé. Ástand verndargildis svæða á náttúruminjaskrá er almennt mjög gott í sveitarfélaginu.
8. Engar skerðingar hafa orðið á svæðum sem njóta sérstakrar verndar umfram þær skerðingar sem hlotist hafa við nýtingu svæða undir íbúðabyggð í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.
9. Ekkert friðlýst svæði er í sveitarfélaginu en sveitarfélagið hefur gert samning við Fuglavernd um vöktun fuglafriðlands í flóa norðan Eyrarbakka.
10. Unnið er að friðlýsingu fuglafriðlands á Eyrarbakka ásamt hluta Flóagaflsmýrar sem mun tengjast fuglafriðlandinu.
11. Hvað varðar ágengar dýrategundir hefur sveitarfélagið reynt að hefta útbreiðslu kanína, refa og minnka. Varðandi plöntur er almennt mjög gott jafnvægi milli tegunda.

3. 1502064 - Framkvæmdalisti 2015

Framkvæmdalisti 2015 lagður fram til kynningar.

4. 1411159 - Vatnsöflun við Ingólfsfjall - rannsóknarboranir veturinn 2014-2015

Lagt fram minnisblað frá ÍSOR um rannsóknarboranir við Ingólfsfjall. Framkvæmda- og veitustjóra falið að leggja fram kostnaðaráætlun vegna borunar á vinnsluholu.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 09:25

Gunnar Egilsson

Ragnheiður Guðmundsdóttir

Ingvi Rafn Sigurðsson

Helgi Sigurður Haraldsson

Jón Tryggvi Guðmundsson

Eggert Valur Guðmundsson